

Leikar hornsins

Gunnar Orri Ólafsson

Það var myrkur og rigningin skall á hallarþökunum. Óðinn lá andvaka því í hvert skipti sem hann féll í svefn ásóttu hann draumar þar sem hann sá fram á dauða sinn.

Draumarnir tengdust allir sérstöku drykkjarhorni sem var ný eign Óðins.

Drykkjarhornið var sérstakt að því leyti að það tæmdist aldrei og myndaði þann vökva sem eigandinn hugsaði sér. Það var gjöf frá Nirði sem hafði fundið það á sjávarbotni í Miðgarði. Óðinn var lengi hugsí. Hann hugsaði um að gefa hornið frá sér en ákvað að lokum að halda kappleika. Þar gat hver sem er tekið þátt og sigurvegarinn myndi hreppa hornið. Óðinn lagði kappleikana þannig upp að þrjár þrautir yrðu lagðar fyrir keppendur.

Nokkrir dagar liðu hjá þar til leikarnir hófust og höfðu fjórir keppendur skráð sig til leiks. Þar mátti helst nefna Þór son Óðins og bragðarefinn Loka Laufeyjarson, en hinir keppendurnir voru dvergurinn Norðri og eldjötuninn Surtur. Keppendur voru saman komnir í Valhöll þar sem Óðinn kvað upp fyrstu þrautina. Hann sagði að keppendur ættu að halda til Útgarðs og leita þar atgeira sem væru þar huldur. Samt voru aðeins þrír atgeirar í Útgarði svo að sá sem ekki myndi ná höndum sínum á atgeir myndi ekki halda áfram keppni. Einnig gaf Óðinn þeim vísbendingu en hún hljómaði svo:

Ef þú ekkert þráir heitar,

heldur þú í gegnum eld og ís.

Hluturinn sem þú nú leitar,

finnur þú þar sem jörðin frýs.

Svo leiðir keppendanna lágu til Útgarðs og byrjaði hamangangurinn strax og kapparnir tóku á rás upp á eldfjallið Hjalparhelli. Þar var útsýni yfir mest allan Útgarð. Ef litið var í norður sást hraungangur úr Hjalparhelli og var Loki fyrstur til að skilja hluta af vísbendingu Óðins. Hann byrjaði að hoppa á milli steinflísa sem hraunið bar með sér. Eftir dágóða stund tóku hinir keppendurnir eftir Loka og hentust á eftir honum. Mikill

hiti var í keppendunum og kepptust þeir við að komast sem fyrst að enda hraungangsins og það endaði svo að Norði hrynti Surti niður í eldheitt hraunið. Surtur stakkst á bólakaf í hraunið og ekki var búist við að hann myndi snúa aftur. En allt kom fyrir ekki. Eftir örskamma stund stökk hann aftur upp úr hrauninu því þar sem hann var eldjötunn þoldi hann ótrúlegan hita. Við endann á hraunganginum komu keppendur að stöðuvatni sem var alfrosið. Þeir stigu léttum skrefum út á klakann þar sem þeir vildu ekki falla niður í vatnið. Ekki löngu eftir að þeir lögðu út á vatnið versnaði veðrið og svo eins og hendi væri veifað var skollin á stórhrið og menn sáu varla handa sinna skil. Keppendurnir vissu ekkert hvernig bregðast skyldi við. Loki fór þá að hugsa í vísuna sem Óðinn hafði kveðið. Hann leit niður á ísinn og sá þar undir honum atgeira standa lóðrétt niður úr ísnum. Loki dró þá upp hníf sinn og skar ísinn frá atgeirnum og um leið og hann kom höndum sínum á hann fluttist hann beint til Valhallar. Ekki var það sama upp á teningnum hjá hinum keppendunum. Allt í einu fóru að heyrast brestir frá ísnum. Allir snarstönsuðu og héldu niðri í sér andanum, en það gerði nú lítið þar sem þeir steiptust allir á bólakaf. Þar komu þeir þau auga á atgeirana tvo sem eftir voru. Norði var alveg upp við einn þeirra og náði honum eftir stutt sund. Þá voru bara Þór og Surtur eftir. Þeir hömuðust í vatninu og kepptust við um að ná atgeirnum. Það leit út fyrir að Surtur myndi ná honum en þá kom vera úr hyldýinu og gleypti hann. Hraðinn á verunni var svo mikill að atgeirinn þeyttist til Þórs sem greip hann. Því var ljóst að Surtur hafði lokið keppni.

Þeir keppendur sem eftir voru stóðu nú í Valhöll og biðu eftir að næsta þraut yrði tilkynnt, Þór og Norði báðir gegnumblautir. Eftir skamma stund kom Óðinn og tyllti sér í Hliðskjálf, þar sem hann gat séð um allan heiminn, og kvað upp næstu þraut. Nú lágu leiðir keppendanna til Niflheima þar sem þeir áttu að stela eggi af drekanum Níðhöggi. Óðinn kvað þá aðra vísu sem átti að veita þeim hugmyndir um hvar egginn væru að finna:

Í Niflheim haldið þið nú,

einum manni færri.

Og þar finnið við drekans bú,

egginn þeim mun smærri.

Þegar komið var í Niflheim héldu þeir að brunninum Hvergelmi sem lá við eina af rótum Asks Yggdrasils. Þar var sagt að Níðhögg væri oft að finna við að naga rótina. Um leið og þeir komu að brunninum komu þeir auga á Níðhögg sem sá þá sömuleiðis. Hann gaf frá sér hrikalegt öskur sem barst um allan Niflheim og lagði svo til atlögu að þeim. Þeir leituðu sér skjóls og reyndu að komast undan drekanum. Norði var ekki sá snarasti og fékk þess að gjalda þar sem Níðhöggur greip hann með klóm sínum og fleygði honum niður í tómið Ginnungagap. Þá voru bara Loki og Þór eftir. Þór hafði leitað skjóls við brunninn og kom þar auga á íkorna að nafni Ratatoskur. Hann spurði hann um bú drekans og fékk þær upplýsingar að hann væri í því. Þór botnaði ekkert í þessu og vildi fá betri útskýringu á því sem íkorninn sagði honum. Hann svaraði því svo: „Líttu í kringum þig“, og hvarf svo á brott. Þór gerði svo og reyndi að brjóta heilann. Það eina sem hann sá var ísauðn, en það eina sem virtist ekki passa í landslagið voru frekar smáir steinar sem lágu á víð og dreif um auðnina. Þá rann það upp fyrir honum að steinarnir voru eggín, svo hann tók á rás að næsta stein og stökk á hann og hvarf því heim í Valhöll. Loki sá hvað hafði átt sér stað og fylgdi Þór eftir.

Þá var komið að síðastu þrautinni og átti hún að eiga sér stað í Ásgarði. Þrautin var ekki flóknari en svo að drykkjarhornið var þar falið og yrði það eign hans sem það myndi finna. Eina sem kom upp úr Óðni var vísa:

Verðlaunin hafa verið valin,

ávallt svala þorsta á.

Í Ásgarði eru þau falin,

ætíð augu Óðins sjá.

Eins og í hinum þrautunum æddi Þór af stað í leit af horninu, en Loki staldraði við og þældi í vísunni. Tíminn leið og var Þór búinn að ganga yfir stóran hluta af Ásgarði en Loki stóð enn í stað í Valhöll, hugsí. Ennþá leið tíminn og var Þór búinn að leita bæði hátt og lágt í Ásgarði og var meira að segja búinn að fara upp til Breiðabliks þar sem bróðir hans Baldur bjó, en var engu nær. Hitna fór þá undir katlinum hjá Þór og hélt hann aftur til Valhallar þar sem Loki stóð enn. Hann lét reiði sína bitna á föður sínum og sagði að það væri ekki möguleiki að finna hornið þar sem hann væri búinn að leita

alls staðar. Þá rann það upp fyrir Loka að hornið væri beint fyrir framan nefið á þeim. Allir héldu að Óðinn væri búinn að fela hornið og sæi það af völdum háseti síns, en svo var ekki. Hornið var staðsett í glugga sem var fyrir ofan innganginn í Valhöll. Þar með hafði Loki unnið kappleikana og fékk því hornið að launum. Þó Óðinn vissi að það stafaði alltaf hættu af Loka var hann að vissu leyti feginn að hornið komst í hans eigu. Hann vissi að hornið boðaði ógæfu og vildi ekki að hún myndi fylgja syni hans. Vinskapur Þórs og Loka var ekki mikill fyrir kappleikana og bættu þessir atburðir heldur ekki tengsl þeirra.